

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2002, þriðjudaginn 8. október var haldinn 9. fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Suðurlandsbraut 34, og hófst kl. 9:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson, Guðmundur Páll Jónsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Guðlaugur Þór Þórðarson, og Alda Sigurðardóttir.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, aðstoðarforstjórar og fleiri starfsmenn Orkuveitunnar.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri ræddi framvindu stóriðjusamninga.
2. Ásgeir Margeirsson aðstoðarforstjóri lagði fram erindi dags. 7. þ.m. varðandi innkaup.
Frestað.
3. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svofellda fyrirspurn:
 1. Hvernig hefur verið staðið að innkaupum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur frá því að hætt var að nota þjónustu Innkaupastofnunar Reykjavíkur?
 2. Vinsamlegast tilgreinið öll stærri innkaup (innkaup hærri en kr. 1 milljón), hvað var keypt, af hverjum og hvort um var að ræða útboð, verðkönnun eða annar háttur hafður á.
4. Lagt fram erindi Ásgeirs Margeirssonar, aðstoðarforstjóra frá 7. þ.m. varðandi háhitaboranir á árunum 2003-2005.
Samþykkt.
Forstjóri vék af fundi við afgreiðslu málsins.
5. Kynnt rannsókn á mælingum á álagi í íbúðarhúsum.
6. Lagður fram samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Stangaveiðifélags Reykjavíkur um stangaveiði í Elliðaánum.
Frestað.
7. Lagt fram erindi Ásgeirs Margeirssonar, aðstoðarforstjóra dags. 7. þ.m. varðandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar ásamt drögum af nýrri gjaldskrá.
Samþykkt.
8. Lagt fram erindi Þorvaldar St. Jónssonar frá 20. f.m. varðandi listaverk í nýjar höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur.
Samþykkt.

9. Lagt fram kauptilboð í Perluna dags. 27. f.m. frá Álasundi e.h.f. fyrir hönd erlends umbjóðanda.
Hafnað.
10. Lagður fram samningur dags. 7. þ.m. milli Línu.Nets h.f. og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á ljósleiðaraneti Línu.Nets h.f. o.fl.
Frestað.
11. Samþykkt að stefna að næsta fundi n.k.fimmtudag kl. 8:15

Fundi slitið kl. 11:10

Alfreð Þorsteinsson,
Guðmundur Páll Jónsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir ,
Kolbeinn Óttarsson Proppé, Guðlaugur Þór Þórðarson, Alda Sigurðardóttir.